

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 18.4.2023
UST202301-398/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2023 - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir nr. 12, T0107

Umhverfisstofnun bárust þann 13. apríl 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey, Reykjavík. Geymirinn er merktur nr. 12, hefur fastanúmerið T0107 og eigendanúmerið 101.12.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1952.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdi Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 12. apríl 2023. Notaðir voru MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4-0016-A-TFS og Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymir sé málaður að innan að hluta og sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf ásamt neðsta umfarinu sé ótært að innan en á einum stað megi finna pytt, á plötu nr. 21, þar sem efnisþykkt var 3,7mm. Platan var mæld í kringum svæðið, af viðgerðateymi Olíudreifingar og var þykktin þar 6,2-6,3mm. Dýptin í pyttinum var mest 2,5mm. Um gamla tæringu að ofan var að ræða, sem var stöðvuð og ekkert var viðhafst frekar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum en minnir á að viðmið um lágmarksþykkt efnis í olíugeymum miðast við 3mm. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
Sérfræðingur